

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar

Efni: Álfaberg 24H. Umsögn vegna framkominna athugasemda við grenndarkynntu deiliskipulagi.

Inngangur.

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa þann 06.10. 2021 var samþykkt að grenndarkynna tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar Álfaberg 24H með vísan til 2. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin er til komin að beiðni HS Veitna í Hafnarfirði, en á lóðinni hefur um árabíl staðið dreifistöð, sem dreifir raforku til íbúa og viðskiptavina í grennd við Álfaberg. Fram kom í erindi HS Veitna, dags. 03.09. 2021, þar sem óskað er eftir breytingunni, að þörf væri á endurnýjun búnaðar og stækkun dreifistöðvarinnar, þar sem nútíma háspennurofabúnaður rúmast ekki í núverandi dreifistöð. Þá kom fram að svo halda megi skerðingu á raforku til íbúa og viðskiptavina í lágmarki væri óskað eftir að lóðin væri færð til þar sem ný dreifistöð yrði staðsett. Að lokinni tengingu nýrrar stöðvar yrði eldra smáhýsið fjarlæggt og gengið yrði snyrtilega frá jarðvegi eftir tilfærsluna og lögð áhersla á að ný stöð félli vel að umhverfinu.

HS veitur lögðu fram tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna tilfærslu lóðar og byggingarreits fyrir nýja dreifistöð, dags. 16.09. 2021, sem var grenndarkynnt frá 2.–30. 12. 2021. Um er að ræða tilfærslu lóðar innan opins almenningsvæðis Hafnarfjarðarbæjar, þar sem almenningsstígur liggur þvert yfir svæðið. Núverandi dreifistöð er staðsett á suðvestur hluta svæðisins, ný staðsetning er á norðvestur hluta þess samkvæmt kynntri tillögu, þ.e. hinum megin göngustígs.

Málsmeðferð erindisins er skv. 2.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 í ljósi þess að ný staðsetning lóðar og byggingarreits er innan sama almenningsrýmis og núverandi dreifistöð hefur staðið um áratuga skeið, á stað þar sem framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Erindið var því grenndarkynnt með gögnum sem gera grein fyrir meginefni breytingarinnar og send aðilum sem kynnu að eiga hagsmuna að gæta vegna hennar, þ.e. eigendum Álfabergs 24 og 26 og Fagrabergs 10, 12 og 16.

Athugasemdir, dags. 30.12. 2021, bárust undirritaðar frá eigendum Álfabergs 26 og Fagrabergs 10. Frekari rökstuðningur fyrir tilfærslu og nýrri staðsetningu lóðarinnar hefur borist frá HS Veitum að beiðni umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðar, sbr. hjálagt bréf dags 17.01. 2022. Með bréfi HS

Veitna fylgdu til upplýsingar skýrslur Geislavarna ríkisins, annars vegar um rafsegulsvið við spennistöðvar (mælingar) og hins vegar um segulsvið í íbúðarhúsnæði á Íslandi (frumrannsókn).

Athugasemdir

Helstu athugasemdir og ábendingar eigenda Álfabergs 26 og Fagrabergs 10 eru eftirfarandi:

- Breytingin verði undirrituðum til ama og eigi ekki við rök að styðjast, þ.e. engar forsendur séu fyrir breytingunni af gögnum málsins að dæma. Breytingin muni hafa sjónmengun og aðrar mögulegar afleiðingar fyrir undirritaða, s.s. heilsuspillandi bylgjur sem stafi af dreifistöðinni.

Svar: Frekari rökstuðningur kemur fram í inngangi hér að framan og einnig er vísað til bréfs HS Veitna, dags. 17.01. 2022, sem fylgir hér með. Ekki er talið að veituhúsið á nýrri staðsetningu valdi meiri sjónmengun en núverandi dreifistöð nema síður sé, enda verði hún umlukin gróðri þar sem hún er staðsett skv. breytingartillögunni. Sjá jafnframt ábendingar HS Veitna sem fram koma í fyrrnefndu bréfi. Hvað varðar ábendingu um mögulegar afleiðingar sem heilsuspillandi bylgjur kunni að hafa er vísað til meðfylgjandi skýrslna Geislavarna ríkisins um rafsegulsvið við spennistöðvar.

- Undirritaðir telja að breyting á staðsetningu dreifistöðvarinnar muni leiða til verðyrnunar á fasteignum þeirra m.a. vegna sjónmengunar og óvissuþáttar um heilsuspillandi áhrif vegna nálægðar við eignir þeirra.

Svar: Vísað er til fyrra svars.

Að auki segir orðrétt í athugasemdum:

„Aukinheldur hafa Veitur tjáð undirrituðum að færsla dreifistöðvarinnar sé ekki að þeirra beiðni heldur að tilhlutan Hafnarfjarðarbæjar. Það eitt og sér veldur því að Hafnarfjarðarbær mun bera allan kostnað af færslu dreifistöðvarinnar. Sem útsvarsgreiðendur verður vart séð að umrædd breyting sé ábyrg meðferð á opinberu fé enda engin rök færð fyrir fyrirhugaðri breytingu dreifistöðvarinnar. Sé hugsunin sú að stækka leikvöllinn getur kostnaðurinn af færslu dreifistöðvarinnar vart talist réttlætanlegur að teknu tilliti til þess rýmis sem myndast við færslu stöðvarinnar“.

Svar: Breytingin er til komin að beiðni HS Veitna í Hafnarfirði, eins og fram kemur í inngangi. Ekki eru uppi áform um að breyta leikvöllinum.



HAFNARFJÖRÐUR

„Þess ber einnig að geta að undirritaðir íbúar Álfabergs 26 hafa um áratugaskeið verið með umrætt svæði í fóstri að fengnu leyfi Hafnarfjarðarbæjar. Í því hefur falist að svæðið hefur verið hirt árlega og það gróðursett. Með þessari breytingu yrði öll sú vinna sem lögð hefur verið í svæðið að engu“.

Svar: Ekki hafa fundist gögn hjá Hafnarfjarðarbæ um að íbúar Álfabergs 26 hafi verið með umrætt svæði í fóstri.

„Þá skal á það bent að íbúar í sama botnlanga Álfabergs hafa lýst yfir furðu sinni að hafa ekki fengið að gæta andmæla vegna auglýsingarinnar. Það er grundvallarregla í íslenskri stjórnslu að þeir sem kunna að verða fyrir áhrifum stjórnvaldsákvörðunar fái að gæta andmæla við undirbúning ákvörðunar. Ljóst er að þýði grenndarkynningar er of lítið að teknu tilliti þeirra hagsmuna sem liggja til grundvallar“.

Svar: Þegar erindi eru send til grenndarkynningar er það matsatriði umhverfis- og skipulagssviðs hverju sinni hvaða eigendur/lóðarhafar kunni að eiga hagsmuna að gæta vegna breytinga sem kynntar eru. Oft er horft til u.þ.b. 30 metra radíuss frá fyrirhugaðri framkvæmd og var það gert að þessu sinni.

Þess ber að geta að öðrum íbúum en þeim sem hafa fengið kynningargögn send er heimilt að senda inn athugasemdir og ábendingar vegna breytinga.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri
Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar